

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

136. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 5. desember 2013 kl. 14:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fjárhagsáætlun Pingeyjarsveitar fyrir árið 2014 – seinni umræða:
3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2013:
4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 25.11.2013:
5. Fundargerðir Brunavarnarnefndar frá 20.11.2013 og 03.12.2013:
6. Framsýn, stéttarfélag – bréf:
7. HSP – samningur:
8. Náttúrustofa Norðausturlands – ósk um þátttöku í rekstri:
9. Bændur græða landið – styrkbeiðni:
10. Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, vestursvæði – tilnefning fulltrúa:
11. Afréttargirðing sunnan Flateyjardalsheiðar – erindi:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 810. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerðir 248. og 249. fundar stjórnar Eypings:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 12. lið; dómur hæstaréttar nr. 411/2012.

Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2014 – seinni umræða:

Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2014 tekin til seinni umræðu. Lagðar fram eftirfarandi tillögur að breytingum á gjaldskráum fyrir árið 2014:

Leikskólar – gjald óbreytt.

Daggæsla í heimahúsum – gjald óbreytt.

Vinnuskóli – gjald óbreytt.

Hundahald – gjald óbreytt.

Brunavarnir – gjald óbreytt.

Heimaþjónusta – gjaldskrá óbreytt en fjárhæðir taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs.

Skipulags- og byggingarmál o.fl. – gjaldskrá óbreytt en fjárhæðir taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins.

Sundlaugin á Laugum – tekið upp gjald, kr. 200 fyrir börn 6-16 ára, eldri borgara og öryrkja, á móti verður boðið upp á frístundakort fyrir íbúa sveitarfélagsins. Gjaldskrá óbreytt að öðru leyti.

Tónlistarnám – 3% hækkun.

Sorphirðing og eyðing – 3% hækkun.

Rotþrær – 3% hækkun.

Veitur – 3% hækkun.

Félagsheimili – 5% hækkun.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar tillögur að breytingum á gjaldskráum fyrir árið 2014. Seinni umræðu fjárhagsáætlunar frestað til næsta fundar.

3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2013:

Frestað til næsta fundar.

4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 25.11.2013:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 25. nóvember s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn vísar tillögum nefndarinnar að fjárhagsáætlun og gjaldskráum 2014 til síðari umræðu fjárhagsáætlunar. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

5. Fundargerðir Brunavarnarnefndar frá 20.11.2013 og 03.12.2013:

Lagðar fram fundargerðir Brunavarnarnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, annars vegar frá 20. nóvember s.l. sem er í tveim liðum og hins vegar frá 3. desember s.l. sem er í tveim liðum. Arnór gerði grein fyrir fundargerðunum.

Sveitarstjórn vísar tillögum nefndarinnar að fjárhagsáætlun 2014 til síðari umræðu fjárhagsáætlunar. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

6. Framsýn, stéttarfélag – bréf:

Fyrir fundinum liggur bréf frá Framsýn, stéttarfélagi dags. 21. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu hvort áætlað sé í fjárhagsáætlun þess að hækka gjaldskrár fyrir árið 2014.

Sveitarstjóra falið að svara bréfinu í samræmi við bókun um gjaldskrár í 2. lið fundargerðar.

7. HSP – samningur:

Lögð fram drög að samningi milli Þingeyjarsveitar og Héraðssambands Þingeyinga (HSP) um framlag sveitarfélagsins til reksturs HSP fyrir árin 2014 og 2015.

Sveitarstjórn hafnar fyrirbyggjandi drögum en samþykkir að ganga til samninga við HSP á grundvelli fyrri samnings, þ.e. óbreytt framlag kr. 600 pr. íbúa næstu tvö árin, 2014 og 2015.

8. Náttúrustofa Norðausturlands – ósk um þátttöku í rekstri:

Tekið fyrir að nýju erindi frá stjórn Náttúrustofu Norðurlands dags. 25. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í rekstri stofunnar.

Sveitarstjórn hafnar erindinu eins og það liggur fyrir en samþykkir að styrkja rekstur Náttúrustofu Norðausturlands með 400.000 kr. framlagi fyrir árið 2014. Upphæð vísað til gerðrar fjárhagsáætlunar 2014.

9. Bændur græða landið – styrkbeiðni:

Lögð fram styrkbeiðni frá Landgræðslu ríkisins dags. 28. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið og annarra verkefna í Þingeyjarsveit á árinu 2013 að upphæð kr. 360.000,-.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og vísar til gerðrar fjárhagsáætlunar 2014. Ólína vék af fundi undir þessum lið.

10. Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs, vestursvæði – tilnefning fulltrúa:

Fyrir fundinum liggur bréf frá Sigurði Skúlasyni, dags. 18. nóvember s.l. þar sem hann óskar eftir að hætta sem fulltrúi Þingeyjarsveitar í svæðisráði Vatnajökulspjóðgarðs, vestursvæði. Afgreiðslu frestað.

11. Afréttargirðing sunnan Flateyjarðalsheiðar – erindi:

Lagt fram erindi frá Ingvari H. Kristjánssyni, Elínu Eydal og Arnóri Erlingssyni, dags. 30. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins vegna viðhalds afréttargirðingar sunnan Flateyjarðalsheiðar. Afgreiðslu frestað.

12. Dómur Hæstaréttar nr. 411/2012:

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 21. nóvember s.l. og skýringum lögfræðinga á dómi Hæstaréttar nr. 411/2012 er sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með forsætisráðherra til þess að ræða niðurstöðu dómsins.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 810. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerðir 248. og 249. fundar stjórnar Eypings:

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:00

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Ásta Svavarsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson